

Íslenskur iðnaður

SI

12. tbl. 13. árg.

Fréttablað Samtaka iðnaðarins

Desember 2007

*Samtök iðnaðarins óska
félagsmönnum sínum og
öðrum lesendum gleðilegra
jóla, árs og friðar*



SI

Samtök iðnaðarins

Iðnþing Samtaka iðnaðarins verður haldið á Grand Hótelu Reykjavík fimmtudaginn 6. mars 2008

Árshóf Samtakanna verður haldið föstudaginn 7. mars á Grand Hótelu



Nýr framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins kynntur. Sjá nánar bls. 3 og ítarlegt viðtal við Svein Hannesson fráfarandi framkvæmdastjóra bls. 4 þar sem hann rifjar upp það merkasta í starfsemi SI í framkvæmdastjóra tíð hans.

bls. 2



Framkvæmdastjórnarskipti

bls. 3



FÍG í samstarfi við ABC barnahjálpi

bls. 4 - 7



Litíð um öxl viðtal við Svein Hannesson

bls. 8-9

SI

Starf verkefnahópa SI og verkefni framundan



Gott til endurvinnslu

Framkvæmdastjórnarskipti

Nú í byrjun desember lét Sveinn Hannesson af starfi framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins eftir 16 ára farsæl störf fyrir SI og forvera þeirra, Félag íslenskra iðnrekenda. Sveinn hefur tekið við stöðu framkvæmdastjóra Gámaþjónustunnar hf. sem hefur verið ört vaxandi fyrirtæki og er félagi í Samtökum iðnaðarins.

Við starfinu tekur Jón Steindór Valdimarsson sem verið hefur aðstoðarframkvæmdastjóri um árabíl og unnið náið með Sveini. Það er því reyndur maður sem kemur í staðinn.

Framkvæmdastjórnarskipti í samtökum okkar eru auðvitað mikil tíðindi einkum og sér í lagi þegar sá, sem hverfur af vettvangi, hefur leitt starfið frá upphafi og reyndar lengur.

Upprifjun á tímamótum

Á þessum tímamótum er ástæða til rifja upp þau umskipti sem hafa orðið í íslenskum iðnaði á þeim árum sem Sveinn hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra. Af því tilefni birtist við hann ítarlegt viðtal í þessu tölublaði Íslensks iðnaðar. Við lestur þess áttar maður sig á þeim jákvæðu umskiptum sem hafa orðið, bæði í rekstrarumhverfi iðnaðar og alls atvinnulífs en einnig með margvíslegri uppstokkun atvinnurekendasamtaka.

Öflug samtök

Skipulagsbreytingar hafa eftt samtök atvinnurekenda, svo og launþegahreyfinguna og einnig lífeyrissjóðina. Samtök iðnaðarins voru stofnuð haustið 1993 með sameiningu sex félaga og samtaka í iðnaði og tóku formlega til starfa 1. janúar árið 1994. Næsta skref í skipulagsbreytingum á þessu sviði var tekið með stofnun Samtaka atvinnulífsins hinn 15. september árið 1999. Í fyrrnefndu viðtali segir Sveinn að enginn vafi leiki á því að stofnun Samtaka iðnaðarins og síðar Samtaka atvinnulífsins hafi leitt til minni tilkostnaðar, markvissari vinnubragða, aukinnar fagmennsku og þar með aukinna áhrifa í samfélaginu. Ennfremur sagði Sveinn um þetta: „Það er gríðarlega mikilvægt að eiga öflug samtök sem geta rekið eigin stefnu og staðið fast á sínum



Helgi Magnússon
formaður SI

sjónarmiðum óháð því hverjir fara með völd hverju sinni. Það hefur oft hvesst í samskiptum okkar við stjórnvöld og mikið gengið á. Við eigum hins vegar einskis annars úrkosta en standa á okkar stefnumálum óháð því hverjir eru stjórnarherrar hverju sinni og hverjum augum þeir líta á málflutning okkar.”

Engin verkföll

Í viðtalinu gerir Sveinn einnig að umtalsefni hvernig aukin samvinna og traust milli atvinnurekendasamtaka og launþegahreyfingarinnar hefur stuðlað að þeim framförum sem orðið hafa með aukinni fagmennsku í kjarasamningagerð beggja vegna borðsins. „Sem betur fer hafa engin verkföll orðið í iðnaði í minni tíð hjá SI. Það er ákaflega ánægjuleg staðreynd,” segir Sveinn.

EES er okkar iðnbylting

Hann gerir EES samninginn að umtalsefni og lítur á hann sem okkar iðnbyltingu sem hafi gjörbreytt íslensku atvinnulífi nánast hvert sem lítið er. Í því sambandi nefnir hann að enginn verðmiði verði settur á viðskiptafrelsi og að það ættu menn að hafa meira í huga þegar rætt er um aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Samtök iðnaðarins færa Sveini Hannessyni einlægar þakkir fyrir farsæl og mikilvæg störf og óska honum velfarnaðar á nýjum vettvangi. Stjórn Samtakanna væntir mikils af störfum Jóns Steindórs Valdimarssonar í stöðu framkvæmdastjóra. Hann hefur starfað náið með fráfarandi framkvæmdastjóra frá stofnun SI og er öllum hnútum kunnugur.

Félagsmönnum, starfsfólki og landsmönnum öllum óska ég gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.



Frá vinstri: Jón Steindór Valdimarsson nýr framkvæmdastjóri SI, Sveinn Hannesson fráfarandi framkvæmdastjóri og Helgi Magnússon formaður SI. Myndin er tekin á Iðnþingi

Nýr maður í brúnni

Stjórn Samtaka iðnaðarins hefur ráðið Jón Steindór Valdimarsson í stöðu framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins.



Jón Steindór er fæddur og uppalinn á Akureyri og stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri 1978. Hann er lögfræðingur að mennt og útskrifaðist frá Háskóla Íslands árið 1985. Að loknu námi starfaði Jón um tíma í fjár-

málaráðuneytinu en síðan hjá Vinnuálagssambandinu. Haustið 1988 hóf Jón Steindór störf hjá Félagi íslenskra iðnrekenda og síðan hjá Samtökum iðnaðarins frá stofnun þeirra haustið 1993, lengst af sem aðstoðarframkvæmdastjóri. Hann hefur einkum sinnt verkefnum sem tengjast alþjóðasamvinnu, s.s. EFTA,

EES, ESB og WTO. Jón Steindór hefur gegnt margvíslegum trúnaðarstörfum fyrir Samtök iðnaðarins og má þar nefna að hann er stjórnarformaður Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, situr í stjórn Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og á sæti í Ráðgjafanefnd EFTA.

Jón Steindór er kvæntur Gerði Bjarnadóttur, menntaskólakennara, og eiga þau þrjár dætur.



Sveinn Hannesson lét af störfum framkvæmdastjóra að eigin ósk. Hann hefur verið framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins frá upphafi og þar áður Félags íslenskra iðnrekenda frá ársbyrjun 1992

eða nærri 16 ár. Sveinn hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Gámaþjónustunnar hf.


Nýr starfsmaður SI



Jón Bjarni Gunnarsson hóf störf 1. desember sem aðstoðarframkvæmdastjóri hjá Samtökum iðnaðarins. Jón Bjarni er viðskiptafræðingur frá HÍ og hefur auk þess lokið náms-

samningi í trésmíði. Jón Bjarni starfaði áður sem framkvæmdastjóri Ofnasmíðjunnar en þar áður var hann fjármálastjóri í 17 ár hjá Hörpu Sjöfn sem nú heitir Flügger ehf.

Jón Bjarni er kvæntur Elínu Grímsdóttur skrifstofumanni hjá Íspan og eiga þau fjórar dætur.



Félag íslenskra gullsmíða í samstarf við ABC barnahjálpar

Mánudaginn 10. desember undirrituðu Guðrún Margrét Pálsdóttir, formaður ABC barnahjálpar, Sólborg S. Sigurðardóttir, annar tveggja hönnuða Kærleiks og Haukur Valdimarsson, formaður FÍG, samstarfssamning milli FÍG og ABC barnahjálpar.

Síðastliðinn vetur efndu FÍG og SI til samkeppni meðal gullsmíða og gullsmíðanema um hönnun og smíði gjafar í tilefni skírnar eða nafngiftar. Að mati dómnefndar uppfyllti hálsmenið Kærleikur öll skilyrði og hlaut 1. verðlaun. Hönnun og smíði gripsins voru í höndum Sólborgar S. Sigurðardóttur og Svövu Bjarkar Jónsdóttur hjá Gulli og silfri ehf. Hálsmenið verður til sölu í völdum verslunum.

Frá upphafi var ætlunin að verðlaunameníð yrði til stuðnings málefnum barna og leitað var eftir samstarfi við ABC barnahjálpar í því skyni. Hlutur ABC af andvirði hálsmenanna fer óskiptur í verkefnið *Móðir-barn á lífi* í Norður-Úganda en það hjálpar ungum barnshafandi stúlkum og mæðrum á unglingsaldri að halda áfram í námi jafnframt því að hugsa um börnin sín.

Um 200 stúlkur hafa leitað á náðir ABC barnahjálpar í Úganda eftir að fréttist af verkefni. ABC barnahjálpar og Alnæmisbörn hafa tekið höndum saman um verkefnið en stefnt er að því að byggja dagheimili og íbúðarhúsnæði þar sem stúlkurnar geta búið með börnum sínum meðan þær stunda nám í ABC skólunum.

Verkefnið er stutt með sölu Kærleikshálsmenisins en auk þess er hægt er að leggja framlag til verkefnisins inn á reikning 1155-15-41416, kt. 690688-1589.

Rakel Pálsdóttir

Nýir félagsmenn SI

Einingaverksmiðjan Borg ehf.
Bakkabraut 9
200 Kópavogi
Starfsemi: Byggingariðnaður

Oxtmap ehf.
Hamrahlíð 17
105 Reykjavík
Starfsemi: Framleiðsla og viðhald lækninga/ skurðlækningatækja



Litið um öxl

Viðtal við Svein Hannesson

Sveinn Hannesson lét af störfum um síðustu mánaðamót eftir nær 16 ára starf sem framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

Á þeim tíma hefur margt breyst, bæði hjá samtökum atvinnurekenda og í atvinnulífinu, samsetningu þess og starfskilyrðum. Það er því við hæfi að fá Svein til að líta yfir farinn veg og rifja upp með lesendum ýmislegt sem helst hefur sett svip sinn á þessi sextán ár að hans mati. Auðvitað er ekki hægt að minnast á allt sem vert væri að fjalla um og sjálfsagt verða mikilvægir hlutir útundan í stuttu spjalli.

Þegar Sveinn kom til starfa hjá Félagi íslenskra iðnrekenda (FÍI) í ársbyrjun 1992 var hann ekki alls ókunnugur mál-efnum iðnaðarins. Hann var starfsmaður Landssambands iðnaðarmanna á árunum 1975 til 1982 en var svo ráðinn forstöðumaður hagdeildar og síðar lánasviðs Iðnaðarbanka Íslands hf. Haustið 1986 var hann ráðinn framkvæmdastjóri Lýsingar hf. sem þá var að hefja starfsemi og gegndi því starfi þar til hann réðst til FÍI. Segja má að Sveinn hafi meira og minna verið með fingurinn á púlssi iðnaðarins í meira en 30 ár.

Samtök iðnaðarins verða til

Sveinn hafði ekki verið framkvæmdastjóri lengi þegar viðræður hófust um sameiningu samtaka í iðnaði. Á þessum árum var samdráttur í efnahagslífinu og ástandið í iðnaði víða ekki beysid. Fjárhagur samtaka í iðnaði var bágur og slagkraftur þeirra takmarkaður. Það ýtti vissulega

undir og flýtti fyrir sameiningu þeirra. Að dragandinn var sá að stærstu samtökin, Landssamband iðnaðarmanna (Li) og FÍI fóru að vinna meira saman, t.d. við umsagnir til Alþingis og komu fram saman gagnvart stjórnvöldum. Smám saman kom í ljós að samvinnan gekk vel og skiladri árangri. Það rann því upp fyrir mönnum að hagsmunirnir voru að mestu sameiginlegir og að veröldin skiptist ekki milli löggiltra iðngreina og verksmiðjuiðnaðar. Forystumenn samtakanna hvorra tveggja, þeir Haraldur Sumarliðason, formaður Li og Gunnar Svavarsson, formaður FÍI og framkvæmdastjórnarnir Þórleifur Jónsson og Sveinn Hannesson náðu vel saman. Það spillti sannarlega ekki fyrir þessari þróun að Sveinn þekkti vel til beggja vegna borðs.

Svo fór að sex samtök í iðnaði voru sameinuð undir nafninu Samtök iðnaðarins með samningi sem undirritaður var 24. september 1993 en þau tóku formlega til starfa 1. janúar 1994. Auk FÍI og Li stóðu Félag íslenskra prentiðnaðarins, Verktakasamband Íslands, Samband mál- og skipasmiðja og Meistara- og verktakasamband byggingamanna að stofnun SI.

Með samrunanum vildu menn í senn reyna að draga úr kostnaði fyrirtækjanna við hagsmunagæslu og styrkja hana til þess að rödd iðnaðarins heyrðist skýrar. Óhætt er að fullyrða að þessi markmið hafi náðst. Þegar SI urðu til voru settar flóknar reglur um hvernig hægt yrði að slíta samstarfinu ef einstakir stofnaðilar yrðu ósáttir. Á þær reglur reyndi aldrei. Engar raddir eru uppi um að stofnun

Samtaka iðnaðarins hafi ekki verið rétt skref fyrir iðnaðinn í landinu.

Uppstokkun heildarsamtaka

Næsta skref í skipulagsbreytingum samtaka atvinnurekenda var stigið að frumkvæði Samtaka iðnaðarins árið 1997. Samtökin urðu óþægilega stór innan Vinnuveitendasambands Íslands (VSÍ) eða tæplega 50%. Félagsgjaldareglur VSÍ mismunuðu atvinnugreinum og verkskipting milli VSÍ og aðildarsamtaka þess var að mörgu leyti óskýr. Fyrirkomulag aðildar að VSÍ var að ýmsu leyti óheppilegt þar sem nokkur stærstu fyrirtæki landsins áttu beina aðild að VSÍ en stærsti hlutinn gegnum félög á borð við SI eða LÍÚ. Fjármálafyrirtækin áttu ekki aðild að VSÍ og loks skiptust atvinnurekendur í tvær fylkingar, nánast eftir flokkspólítískum línum og samvinnuhreyfingin var með eigin samtök, Vinnumálasamband samvinnufélaga. Það var því vissulega þörf á að taka til hendinni.

Niðurstaðan varð sú að Samtök atvinnulífsins voru stofnuð 15. september 1999. VSÍ og Vinnumálasambandið voru lögð niður. Í upphafi stóðu sjö aðildarfélög að SA, Landssamband íslenskra rafverktaka (með 2% aðildarfélaganna innan SA), Landssamband íslenskra útvegs- manna (12%), Samtök ferðaþjónustunnar (9%), Samtök fiskvinnslustöðva (11%), Samtök iðnaðarins (31%), Samtök fjármálafyrirtækja (8%) og Samtök verslunar og þjónustu (28%). Þau tvö síðast töldu voru stofnuð sérstaklega í tengslum við tilurð SA. Bein aðild fyrirtækja var þar með úr sögunni. Reglum

um aðildargjöld var breytt þannig að öll aðildarfyrirtæki sætu við sama borð. Nýlega bættist svo Samorka í hóp aðildarsamtaka SA.

Sterk samtök eru höfuðnaudsýn

Sveinn segir engan vafa leika á því að stofnun Samtaka iðnaðarins og síðar Samtaka atvinnulífsins hafi leitt til minni tilkostnaðar, markvissari vinnubragða, aukinnar fagmennsku og þar með áhrifa í samfélaginu. „Það er gríðarlega mikilvægt að eiga öflug samtök sem geta rekið eigin stefnu og staðið fast á sínum sjónarmiðum óháð því hverjir fara með völd hverju sinni. Það hefur oft hvesst í samskiptum okkar við stjórnvöld og mikil gengið á. Við eigum hins vegar einskis annars úrkosta en standa á stefnumálum okkar óháð því hverjir eru stjórnarherrar hverju sinni og hverjum augum þeir líta málf lutning okkar.“

Samtök iðnaðarins hafa auðvitað breyst talsvert á þessum árum, eða öllu heldur viðfangsefni þeirra. Minni og minni aðskilnaður er milli fyrirtækja og greina innan SI en áður var þegar einkum var horft til þeirra hráefna sem unnið var með. Starfið er orðið miklu þverfaglegra og meira unnið út frá þeim viðskiptavinum eða markaði sem verið er að þjóna. Samtökin hafa færst frá því að stunda otun (lobbýisma) yfir í það að móta stefnu og fylgjast með því að reglum sé fylgt frekar en að knýja fram ákvarðanir. Áður fyrr var stór þáttur í starfinu að fá leyfi og undanþágur fyrir félagsmenn. Bein þjónusta af margvíslegu tagi og upplýsingamiðlun er nú æ ríkari þáttur í starfinu.

Opnuð leið fyrir hátæknifyrirtækin

Sveinn nefnir hátæknifyrirtækin sérstaklega þegar rætt er um innri breytingar hjá SI. „Að frumkvæði Samtaka iðnaðarins var tekin upp sú nýbreytni að fyrirtæki gátu gerst aðilar að SA án þess að fela þeim umboð til að gera kjarasamninga og stofnuð svokölluð þjónustudeild. Ástæðan var sú að mörg tæknifyrirtæki, ekki síst á sviði upplýsingatækni, vildu geta gerst aðilar að SI án þess að fela um leið SA umboð til kjarasamninga og

eiga á hættu að dragast inn í kjaratök sem kæmu þeim ekkert við. Þetta ákvæði hefur ekki síst orðið til þess að Samtökum iðnaðarins hefur tekist að laða til sín kjarnann úr hátækni- og upplýsingatækni fyrirtækjum landsins. Þessi mál eru í stöðugri mótun og má nefna að Samtök iðnaðarins hafa óskað eftir viðræðum við SART - Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði, sem eru minnstu aðildarsamtök SA, um sameiningu. Stjórn SART tekur erindið fyrir í janúar á komandi ári. Þetta sýnir að skipulag hagsmunasamtaka er og á að vera sífellt í deigluinni.“

Menntun og arðsemi

Umfjöllun um menntamál hefur tekið æ meira rými í starfsemi SI. Sveinn segir gjörbreytingu hafa orðið þar á. „Þegar ég byrjaði hjá SI voru afskipti okkar af menntamálum lítil og aðildarfyrirtækin sýndu þeim mjög takmarkaðan áhuga. Nú látum við okkur alla menntun varða og eigum t.d. hlut í Háskólanum í Reykjavík og Þekkingarverði sem er þróunarfélag Háskólans á Akureyri. Þá eru SI að hefja formlegar viðræður við menntamálaráðuneytið með LÍÚ um sameiningu Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækni-skólans og að félag í eigu SI, LÍÚ o.fl. taki yfir reksturinn. Markmiðið er að hefja iðnmenntunina til vegs og virðingar. Þá er ég ákaflega stoltur af því að hafa beitt mér mjög fyrir stofnun IÐUNNAR-fræðsluseturs ehf. Þar sameinuðust fimm litlar endur- og símenntunarstofnunar í eitt öflugt fyrirtæki sem mér sýnist að muni stækka enn frekar og eiga framtíðina fyrir sér. Þarna gefst tækifæri til að takast á við stærri verkefni, ekki síst að stórbæta rekstrar- og stjórnunarkennslu sem hefur sárlega vantað. Þetta gekk hins vegar ekki þrautalaust fyrir sig og tók langan tíma. Ég er sannfærður um að það verður sama sagan og með Samtök iðnaðarins. Menn munu ekki skilja af hverju þetta var ekki gert miklu fyrr.“

Gjörbreyting rekstrarumhverfis

Saga og starf Samtaka iðnaðarins er að mörgu leyti samofið samningnum um Evrópska efnahagsvæðið. Það er skemmtileg staðreynd að EES-samning-



Frá ráðstefnunni Framtíðin er í okkar höndum

urinn tók gildi 1. janúar 1994 eða sama dag og SI hófu starfsemi sína. „Ég verð æ sannfærðari um að öll þau skref, sem við höfum stigið í Evrópusamrunanum, hafa verið iðnaðinum og raunar atvinnu- og efnahagslífinu öllu til góðs. Sem betur fer hafa forystumenn í iðnaði alltaf áttað sig á að til langframa væri þessi þróun farsæl þótt oft á tíðum hafi menn talið að hér hafi hún verið dýru verði keypt og iðnaðurinn einn látinn taka þátt í óheftri samkeppni. Aðildin að EFTA og fríverslunarsamningurinn við ESB á sínum tíma lögðu þyngstar byrðar á iðnaðinn meðan aðrar greinar skákuðu meira og minna í skjóli heimatilbúinna hafta og samkeppnishindrana. Á haftatíma eftirstríðsáranna hafði byggst upp iðnaður sem minnir um margt á þann iðnað sem var austan járntjalds við fall Berlínarmúrsins. Það var því óumflýjanlegt að margt af því yrði undan að láta, bæði vegna þess að verndin var afnumin og vegna alþjóðlegrar þróunar. En þar við bættist að langt tímabil óðaverðbólgu og fjármagnsskorts á áttunda og níunda áratugnum var beinlínis iðnaðarfjandsamlegt umhverfi.“

„Þegar umræður hófust um gerð EES-samningsins var ástandið í efnahagslífi okkar frekar bágborið, stöðnun ríkti og hagvöxtur ýmist enginn eða neikvæður. Þá hafði orðið það, sem nú er kölluð hörð lending og birtist í formi gjaldeyriskreppu með tilheyrandi gengisfellingum, verðbólgu og síðan atvinnuleysi. Það reyndist ótrúlega erfitt að koma snúningi á hjól atvinnulífsins að nýju. Ástandið á þessum tíma sýnir einmitt vel hve hættulegt það getur reynst ef knúin er fram hörð lending um þessar mundir vegna hagstjórnarmistaka. Glötuð viðskiptatækifæri koma ekki aftur. Það er misskilningur að það sé



Sveinn með vinningshöfum Nýsköpunarkeppni barna



Kynniserð til Alcoa í Kanada



10 ára afmæli SI, á Iðnþing 2004



Vel heppnuð ráðstefna - Frá kynningu til markaðar

gott ráð að draga efnahagslífið og rekstur fyrirtækjanna sundur og saman eins og harmonikkunni. Hægari vöxtur og stöðugleiki er miklu betri, að minnsta kosti fyrir iðnaðinn. Reynslan sýnir að sveiflurnar eru íslenskum iðnaði skeinuhættastar. Þær eru okkar efnahagslegi Akkílesarhæll."

EES er okkar iðnbýlting

Það fer varla á milli mála að samþykkt Alþingis á aðild Íslands að EES – samningnum var mikið gæfuspor. „Samtök iðnaðarins beittu sér af alefli fyrir því að samningurinn yrði samþykktur. Nú vildu allir Lilju kveðið hafa. Það hefur orðið æ skýrara hve miklum árangri samningurinn hefur skilað okkur bæði beint og óbeint. Áhrif hans hafa lagt grunn að okkar iðnbýltingu og gjörbreytingu íslensks atvinnulífs nánast hvert sem lítið er. Fyrirfram var hins vegar ógerlegt að reikna út hver áhrif samningsins yrðu. Það er hægt að reikna út tollalækkun á síld en á viðskiptafrelsi verður ekki settur neinn verðmiði. Þetta ættu menn að hafa meira í huga þegar rætt er um aðild Íslands að Evrópusambandinu."

Með EES-samningnum var á einu bretti tekin upp viðskiptalöggjöf sem hafði verið í þróun í áratugi innan ESB. Um leið gjörbreyttist hugsunarháttur og starfskilyrði. Með samningnum og í aðdraganda hans var losað um margvísleg höft og opnað fyrir samkeppni á flestum sviðum. Það á ekki síður við um stjórnsýsluna. Stjórnvöld taka nú ríkan þátt í evrópsku samstarfi og skynja þann þrýsting sem felst í því að gera ekki verr en stjórnvöld annarra ríkja í að tryggja samkeppnishæfni atvinnulífsins. Þá hefur fjármálamarkaðurinn verið leystur úr læðingi með einkavæðingu ríkisbankanna. Allt hefur þetta aukið okkur þrek og þor segir Sveinn.

„Í mínum huga er stækkun álversins í Straumsvík ákveðinn vendipunktur í íslensku efnahagslífi á síðari tímum. Stækkunin var tekin formlega í notkun í október 1997 en ákveðin með samningum haustið 1995. Þá tóku hjólin að snúast og má nánast segja að stanslaus uppgangur hafi verið allar götur síðan. Það er raunar fróðlegt að minnst þessa í ljósi þess



Ný Laugardalshöll vígð

sem síðar hefur gerst í tengslum við óskir um aðra stækkun í Straumsvík."

Sveinn telur EES-samninginn forsendu þess að tekist hafi að skjóta fleiri stoðum undir íslenskt efnahagslíf. „Sjávarútvegurinn er ekki lengur eins yfirgnæfandi og hann var. Ekki vegna þess að þar hafi orðið samdráttur heldur vegna þess að aðrar greinar hafa vaxið mun hraðar. Á síðustu 10 - 15 árum hefur athafnamönnum tekist að byggja mörg stór fyrirtæki sem hafa haslað sér völl á erlendum mörkuðum og hafa stærstan hluta umsvifa sinna utan Íslands. Þetta er góð þróun og eðlileg. Íslensk fyrirtæki eru ekki lengur dæmd til að vera smá af því að heimamarkaður okkar er örsmár á alþjóðlegan mælikvarða. Nú skiptir öllu máli að þessi flaggskip atvinnulífsins haldi höfuðstöðvum sínum hér á landi og arðbærustu og verðmætustu störfun verði hér áfram. Til þess þarf hins vegar að tryggja stöðugleika og aðgang að nauðsynlegum mannauði. Ef lítið er yfir fyrirtækjaflóruna í íslenskum iðnaði eins og hún var fyrir 15 árum eða svo og hún borin saman við íslensk iðnfyrirtæki dagsins í dag eru umskiptin með ólíkindum. Þau hafa stækkað, tæknivæðst, alþjóðavæðst og hafa á að skipa fjöldanum öllum af vel menntuðu fólki."

Peningar eru afl þess sem gera þarf

„Ég man vel þá tíð frá árum mínum í Iðnaðarbankanum og síðar frá setu minni í stjórn Iðnlánasjóðs að mikill skortur var á fjármagni. Gilti þá einu hvort um var að ræða rekstrarfé, fé til fjárfestingar eða til rannsóknar og nýsköpunar. Bæði Iðnaðarbankinn og Iðnlánasjóður urðu til með átaki samtaka í iðnaði til þess að reyna að bæta úr þessu " segir Sveinn.

Um 1990 stóð til að gera uppstokkun á fjárfestingarlánasjóðum atvinnuveganna, þar með talið Iðnlánasjóði og Iðnþróunarsjóði. Urðu um þetta allmikil átök við ríkisvaldið og var deilt um eignarhald. Um skeið var áformað að stofna Íslenska fjárfestingarbankann hf. og tilkynnti þáverandi iðnaðarráðherra að bankinn yrði í jafnri eigu samtaka í iðnaði og ríkisins í 60 ára afmæli FÍÍ árið 1993. Svo fór þó ekki og niðurstaðan varð sú að taka Fiskveiðisjóð inn í dæmið ásamt Iðnþró-



Menntafélög iðnaðarins sameinuð

unarsjóði og að eignarhlutföll skyldu vera þannig að atvinnulífið fengi 40% í sinn hlut en ríkið 60%. Til að gera langa sögu stutta fór svo að til urðu tvær fjármálastofnanir, Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. sem féll í hlut ríkisins og var síðar einkavæddur og seldur. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins (NSA) kom hins vegar í hlut atvinnulífsins. NSA var þó að forminu til í eigu ríkisins þar sem ekki fundust færar leiðir til þess að færa eignarhaldið til sjávarútvegs og iðnaðar með formlegum hætti. Atvinnulífið fer með meirihluta í stjórn sjóðsins. NSA hefur mikilvægu hlutverki að gegna við að beina þolinmóðu fjármagni til fjárfestinga í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum.

„Samtök iðnaðarins hafa vissulega oft átt gott samstarf við stjórnvöld um ýmis framfarumál fyrir atvinnulífið í landinu. NSA og Úrvinnslusjóður eru dæmi um slíkt en gallinn er bara sá að stjórnvöld eru furðu fljót að gleyma því sem hefur samist. Það stafar af því að þingmenn og ráðherrar koma og fara og hugsa helst ekki til lengri tíma í senn en eins kjörtímabils. Tilhneigingin er ávallt sú að flækja regluverkið og kveða á um aukin afskipti og áhrif ráðherra og ráðuneyta. Þess vegna held ég að best sé að hafa hreinar línur þegar um samstarf af þessu tagi er að ræða og hafa reksturinn í formi sjálfstæðra hlutafélaga sem byggjast á einföldum og skýrum lagagrundi en að öðru leyti sé starfsemin í höndum kjörinnar stjórnar."

Verðmætari viðfangsefni

Alþjóðleg samkeppni vex. Þjóðir í austri og suðri sækja hratt fram og hafa gnægð vinnuafis. Mannaflafrekur iðnaður á sífellt erfiðara uppdráttar hér á landi eins og á öðrum Vesturlöndum. Sveinn segir lausnina felast í aukinni menntun, sérþekkingu og mannauði. Þar er efling verk- og tæknimenntunar efst á blaði. „Við eigum einskis annars úrkosti en mennta okkur betur, auka áherslu á starfsemi sem felur í sér mikinn virðisauka og byggist á mannauði og sérþekkingu. Það er ekki rétt að halda dauðahaldi í framleiðslu sem stendur ekki undir sér. Sem betur fer höfum við ekki lagt áherslu á að halda í slíkar greinar eins og sumar aðrar

Þjóðir hafa gert með ærnum tilkostnaði. Hitt er slæmt að sveiflur í verðlagi og gengi hafa oft drepit niður framleiðslu sem hefði átt að geta þrífist ef starfs- umhverfið hefði verið stöðugra."

Sveinn segir að SI hafi hin síðari ár sérstaklega lagt rækt við að efla nýsköpun og hátækniíðnað. „Hjá okkur höfum við t.d. Samtök upplýsingatæknifyrirtækja, Samtök íslenskra líftæknifyrirtækja og Samtök sprotafyrirtækja. Fyrir mörg þessi fyrirtæki skiptir höfuðmáli að geta fjármagnað rannsóknar-, nýsköpunar- og þróunarstarf sitt með viðunandi hætti. Þess vegna höfum við beitt okkur fyrir því að auka hlut samkeppnissjóða og um leið að búa svo um hnútana að fyrirtækin sjálf ráði meira ferðinni en rannsóknastofnanir og háskólar. Gott dæmi um þetta er barátta okkar fyrir eflingu Tækniþróunarsjóðs og að komið verði upp endurgreiðslukerfi vegna rannsóknar- og þróunarstarfs innan fyrirtækja. Þótt að þeir, sem ráða ferðinni í þessum efnunum, hafi margir lýst því yfir að það sé þjóðþrífaverk að efla nýsköpunar- og þróunarstarf er meira talað en gert í þeim efnunum. Það er miður. Í því efnahagsástandi, sem við búum við núna með háu gengi krónunnar og okurvöxtum, verða fyrirtæki á þessu sviði einmitt harðast úti."

Brýnasta úrlausnarefnið

Þegar talið berst að stöðu SI um þessar mundir segir Sveinn Evrópumálin vera í brennidepli. „Okkar mesta efnahagslega meinsemd er óstöðugleiki. Sá vandi verður að mínu mati ekki leystur nema með upptöku evrunnar og aðild að ESB. Fyrirtækin skilja þetta og almenningur líka. Það hafa kannanir sýnt um árabil. Stjórnámálamennirnir okkar hafa hins vegar viljað bíða og sjá til. Þetta sjáum við hvergi í nágrannalöndum okkar. Það er hættulegt að skjóta sífellt á frest nauðsynlegum undirbúningi undir það sem flestir virðast sammála um að sé óumflýjanlegt. Því fyrr sem við tökum ákvörðun því fyrr hefist aðlögun okkar að nýjum síðum og því fyrr má ætla við náum að skapa nauðsynleg skilyrði fyrir sjálfbærar hagvöxt og stöðugleika. At-



Sveinn, Helgi formaður og Vilundur fyrrv. formaður með eiginkonum á árshöfi SI



Núverandi framkvæmdastjóri SI, stjórn SI og fráfarandi framkvæmdastjóri

vinnulíf okkar er, sem betur, fer orðið fjölbreytt og alþjóðlegt. Þess vegna er nauðsynlegt að búa því starfsskilyrði sem halda vexti þess í landinu í stað þess að við högum okkar málum eins og við gerum nú og verður til þess að við glutum niður þeim mikla árangri sem við höfum náð. Ég má ekki til þess hugsa að útrásin breytist í flóttu."

Samvinna og traust

Sveinn telur aukna samvinnu og traust milli atvinnurekendasamtaka og launþegasamtaka hafa stuðlað að þeirri framför sem orðið hefur. „Mun meiri fagmennska ríkir nú í kjarasamningagerð beggja vegna borðsins. Með sameiningu og fækkun lífeyrissjóða hefur orðið uppstokkun lífeyrissjóðakerfinu. Samvinna á þeim vettvangi og ekki síður í tengslum við stórauðnað samvinnu í menntamálum hefur án efa stuðlað að friði á vinnuarkaði og bættum samskiptum á alla lund. Sem betur fer hafa engin verkföll orðið í iðnaði í minni tíð hjá SI. Það er ákaflega ánægjuleg staðreynd og þar hafa bæði aðilar vinnuarkaðarins og stjórnvöld lagt sig fram."

Gott samstarfsfólk

Til að hrinda góðum verkum í framkvæmd og ná tilætluðum árangri þarf samhenta liðsheild. Sveinn segist hafa verið heppinn í störfum sínum fyrir Samtök iðnaðarins. „Í stjórn SI hefur verið fjölbreyttur hópur fólks úr iðnaðinum,

sem ég hef átt gott samstarf við. Það hefur verið gæfa SI að það hefur ekki verið skortur á hæfu fólki til að bjóða sig fram til setu í stjórn og stjórnin hefur frá upphafi verið mjög virk í starfi." Sveinn hefur unnið með fjórum formönnum á þessum sextán árum, fyrst með Gunnari Svavarssyni formanni FÍI og síðan Haraldi Sumarliðasyni, fyrsta formanni SI, þá Vilmundi Jósefssyni og loks núverandi formanni, Helga Magnússyni. Samstarfið við þessa menn alla hefur gengið eins og best verður á kosið.

„Samtökunum hefur haldist vel á starfsfólki og hefur það skilað verki sínu vel en án þess væru SI lítils virði. Ég skil mjög sáttur við Samtökin þegar ég hverf til starfa hjá einu aðildarfyrirtæki þeirra og verð þar með félagsmaður. Jón Steindór Valdimarsson, nýr framkvæmdastjóri, hefur verið mjög náinn samstarfsmaður minn í fjölda ára og ég veit því að ákvörðun stjórnarinnar að ráða hann í minn stað er rétt og ég óska honum allra heilla í þessu starfi.

Að lokum óska ég öllu þessu samferðafólki mínu hjá Samtökum iðnaðarins og ekki síst þeim fjölmörgu félagsmönnum, embættis- og stjórnámálamönnum, sem ég hef kynnst á þessum árum, alls hins besta í framtíðinni og færi þakkar fyrir samstarfið og óska þess að vegur Samtakanna og íslensks iðnaðar haldi áfram að vaxa og dafna."



Sveinn ásamt starfsbróður sínum Hans Skov Christensen framkvæmdastjóra Dansk Industri



Sýningin og ráðstefnan Tækni og Vit, Sveinn, Geir H. Haarde og Gunnar Birgisson

Öflugt starf verkefnahópa Samtakanna



Samtök iðnaðarins boðuðu ráðgjafaráð, formenn og stjórnir aðildarfélaganna sinna til fundar að Hilton Reykjavík Nordica fimmtudaginn 29. nóvember síðastliðinn. Á dagskrá var starf verkefnahópa SI og núverandi staða verkefna.

Bjarni Már Gylfason talaði um peningamálastefnuna og vextina, Davíð Lúðvíksson, fjallaði um fjármögnun og gæðakerfi, Ingi Bogi Ingason ræddi um nýsköpun og menntaverkefni SI og Sigurður B. Halldórsson, talaði um ábyrgð á staðgreiðslusköttum og dvalarleyfi erlendra sérfræðinga.

Peningamál og vextir



Bjarni Már Gylfason sagði m.a. að óhætt væri að fullyrða að þróun peningamála, þ.e. þróun vaxta, gengis og verðbólgu hefði verið eitt helsta umfjöllunarefni og áhyggjuefni SI undanfarin ár.

„Skal engan undra enda er það mikilvægasta einstaka hagsmunamál iðnaðarins að hér ríki stöðugleiki í verðlagi og gengi og að vaxtastig sé samkeppnishæft. Svo hefur þó alls ekki verið undanfarin ár.

Vextir eru nú 13,75% og vaxtamunur hefur aukist enn frekar frá því sem var eftir að Seðlabankar víða um heim lækkuðu vexti í kjölfar vandræða á húsnæðislánamörkuðum.

Gengisvísitala krónunnar er um 122 sem í sjálfu sér er kannski ekki svo fjarri langtímajafnvægi en sveiflurnar hafa verið miklar síðustu mánuði. Þar togast á mikill vaxtamunur og almenn áhættufælni fjárfesta.

Miklar verðbólguvæntingar eru viðvarandi og gera Seðlabankanaum enn erfiðara um vik að ná markmiðum sínum. Ástæðuna tel ég einkum vera þá að væntingar um óstöðugt gengi virðast vera að festa sig í sessi.

Verðbólga mælist nú 5,2% en 1,9% á húsnæðis. Margt bendir til að verðbólgan sé að aukast vegna veikingar krónunnar, hækkandi olíuverðs og áframhaldandi spennu á fasteignamarkaði. Margt bendir þó til að spenna á þeim markaði fari hratt minnkandi og jafnvel að ofurvaxtastefnan muni knýja fram skell.“

Vottun í fjórum þrepum áfangaskipt gæðakerfi SI



Ferdinand Hansen sagði m.a. frá því að Samtökin hefðu staðið að átaki við að hvetja og aðstoða aðildarfélag sín við innleiðingu gæðastjórnunar frá árinu 1997. Frá þeim tíma hafa

114 fyrirtæki tekið þátt í því verkefni með einum eða öðrum hætti.

„Samtökin búa svo vel að eiga drög eða dæmi um gæðahandbók fyrir 12 mismunandi starfsgreinahópa en þeir eru blikksmíði, pípulagnir, jarðvinnuverktakar, byggingaverktakar, málameistarar, innréttinga- og húsgagnaframleiðendur, húshlutaframleiðendur, sorphirða- og umhverfisíðnaður, málm- og skipaiðnaður, skruðgarðyrkjumeistarar, rafverktakar og matvælaíðnaður.

Nú hefur verið ákveðið að SI taki nýtt skref í að styðja við bakið á félagsmönnum sínum við að innleiða gæðastjórnun. Í stað þess að ráðast í innleiðingu á öllum sviðum stjórnunar og reksturs samtímis eru fyrirtækin nú hvött til að innleiða gæðastjórnun í fjórum vel skilgreindum þrepum. Í fyrstu þrepunum er búið að skilgreina ýmis atriði til að undirbúa aðgerðir í síðari þrepum. Skilgreiningarnar eru settar fram sem kröfur um tiltekið verklag því að Samtökin eru reiðubúin að veita fyrirtækjum, sem uppfylla öll skilyrði í tilteknu þrepi, vottun um að svo sé.

Sérhvert þrep er skilgreint með bókstaf. Fyrsta skrefið er D, það næsta, C,

það þriðja B og lokaprepið A. Þegar því er náð er viðkomandi fyrirtæki væntanlega farið að íhuga að ganga alla leið og sækjast eftir vottun út frá staðlinum ISO 9001:2000. Nú þegar hafa nokkur fyrirtæki náð því að fá D vottun sem gildir í eitt ár. Árlega fer fram ný úttekt á þeim þrepum sem fyrirtækið hefur náð þannig að engin hættu sé á að þau skreyti sig með fólkskum fjöðrum.

Til að gera starfið ennþá auðveldara hefur verið útbúin vönduð handbók sem stjórnendur geta notað til að meta eigin stöðu í sérhverju skrefi. Fyrir þá, sem vilja vita meira, hefur verið útbúin kennslubók með beinum tilvitnunum í handbókina. Þannig er hægt að fá leiðbeiningar um viðurkennt verklag með því að fletta upp á tilgreindum stað í kennslubókinni. Frá kennslubókinni er vísað í dæmi um verklagsreglur og eyðublöð í gæðahandbókunum sem eru nefndar ofar í greininni.

Fyrirtæki, sem standast vottun, fá skriflega viðurkenningu sem þau geta hengt upp á vegg og SI kynna þau í Íslenskum iðnaði og á vefsetri sínu.

Til mikils er að vinna ef marka má niðurstöður nýbirtra rannsókna hagvaxtar- og þróunarseturs Groningen-háskóla í Hollandi en þar kemur fram að Ísland skipar átjándu sæti á lista yfir lönd með mesta verga landsframleiðslu (VLF) miðað við unna klukkustund árið 2006. Þar kemur fram að Íslendingar verða að auka verga landsframleiðslu um 50% til að ná efsta sætinu af Lúxemborg.“

Nýsköpunar- og menntaverkefni SI



Ingi Bogi Bogason, kynnti þau verkefni sem SI styrkja og skýrði frá því að Samtök iðnaðarins hefðu ákveðið í apríl sl. að verja á árinu rúmlega 100 m.kr. til sérstakra nýsköpunar- og menntaverkefna.

„Um 10 m. kr. er varið til að styrkja námsefnisgerð, aðallega í iðn- og starfsnámi. Með þessu móti er reynt að bregðast við þörf fyrir kennsluefni á íslensku í einstökum iðngreinum.

Fyrirtækjum er veittur 10 m. kr. styrkur til að efla vinnustaðakennslu. Samtökin hafa í mörg ár beitt sér fyrir því að kennsla í fyrirtæki sé metin til jafns við kennslu í skóla. Samtökin vonast til þess að stjórnvöld mæti þessu fjáframlagi með öðru eins. Aðeins þau fyrirtæki, sem uppfylla skilyrði sem kennslufyrirtæki, geta átt von á styrk.

Varið er 15 - 20 m.kr. til samstarfs-samninga við háskóla til að efla umræðu og miðla upplýsingum um mikilvæg hagsmunamál iðnaðarins.

Veittir eru veglegir styrkir til vísinda, rannsókn- og þróunarstarfs, eða alls um 20 m.kr. Markmiðið er að rannsóknavefnefni leiði til aukinnar verðmætasköpunar í fyrirtækjum.

Um fjórum m.kr. er varið til sérstakra kynningarmála; m.a. Menntadags iðnaðarins, Íslandsmóts iðnnema og keppni iðnmeistarar.

Veittar eru þrjár m.kr. til endurmenntunar. Keypt verða sérsniðin námskeið fyrir félagsmenn SI, m.a. hjá IÐUNNI fræðslusetri.

Stjórn SI samþykkti að verja allt að 50 m.kr. í hlutafélag sem tekur yfir rekstur sameinaðs Iðnskóla í Reykjavík og Fjöl-tækniskólans."

Ábyrgð á skilum staðgreiðslu opinberra gjalda og dvalarleyfi erlendra sérfræðinga



Sigurður B. Halldórsson sagði frá niðurstöðum dóms, sem kveðinn var upp í Hæstarétti í svokölluðu Impregilo-máli, hinn 20. september síðastliðinn.

Niðurstaða réttarins var sú að starfsmannaleigur ættu að greiða staðgreiðslu opinberra gjalda vegna launa starfsmanna starfsmannaleigunnar og var verktakafyrirtækið Impregilo sýknað af kröfum íslenska ríkisins.

„Stjórnvöld hafa brugðist við þessari niðurstöðu Hæstaréttar með lagafrumvarpi til breytinga á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og fleira. Samkvæmt frumvarpinu teljast notendur þjónustunnar en ekki starfsmannaleigan launagreiðendur á grundvelli samninga um útleigu á vinnuafli hafi starfsmannaleigan ekki skattalega heimilisfesti hér á landi.

Það verða að teljast vonbrigði að stjórnvöld kjósa að reyna að troða í glufur með þessum hætti í stað þess að finna heildarlausn á þessum málum í samráði við atvinnulífið. Augljóst er að stjórnvöld treysta sér ekki til að rukka erlendar starfsmannaleigur um opinber gjöld og varpa því ábyrgðinni á innlenda viðskiptavini þeirra.

Þá stenst frumvarpið trauðla reglur Evrópusambandsins, þ.m.t. skuldbindingar Íslands skv. EES-samningnum um frjálsa þjónustustarfsemi í aðildarríkjum ESB og EFTA-ríkjunum. Verði frumvarp þetta að lögum er ljóst að erlendar starfsmannaleigur, sem ekki eru með skattalegt heimilisfesti hér á landi, sitja ekki við sama borð og þær sem eru það.

Skortur á tæknimenntuðum sérfræðingum í atvinnulífinu er vaxandi vandamál sem er ekki bara bundið við Ísland

heldur einnig mörg önnur Evrópulönd. Því hafa þær þjóðir farið þá leið að reyna að sækja þetta fólk út fyrir Evrópu, t.d. til Indlands, Bandaríkjanna eða Kanada.

Fyrir íslensk fyrirtæki er mikil þrautganga að fá dvalarleyfi fyrir sérfræðinga utan Evrópu og er biðtími eftir útgáfu dvalarleyfis hjá Útlendingastofnun allt að 6 mánuðir.

Ýmsar Evrópuþjóðir, þ.m.t. nágrennaþjóðir okkar, hafa brugðist við skorti á sérfræðimenntuðu fólki með því að auðvelda sérfræðingum frá löndum utan EES-svæðisins að koma til starfa. Norðmenn og Danir fóru t.d. þá leið að stjórnvöld og samtök atvinnurekanda settu saman lista yfir sérfræðimenntað fólk sem vantar til starfa í landinu. Umsóknir um atvinnu- og dvalarleyfi frá slíkum aðilum fengu flýtimeðferð.

Stjórnvöld hér á landi hafa hins vegar enn ekki brugðist við kröfum atvinnulífsins um að flýta fyrir dvalarleyfisumsókn um erlendra sérfræðinga utan EES-svæðisins."



Fjármögnun nýsköpunar – starfsemi Nýsköpunar- og þróunarnefndar SI

Davíð Lúðvíksson fór yfir starfsemi Nýsköpunar- og þróunarnefndar SI og þema hennar um fjármögnun

nýsköpunar.

Umræður um Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins Tækniþróunarsjóð, Hátækni- og sprota-vettvang og Vísinda- og tækniráð og hefur borið hæst hjá nefndinni.

„Nýsköpunarmiðstöð Íslands, sem varð til við samruna Iðntæknistofnunar og Rb, hefur farið fram stefnumótunarvinna frá því í sumar með aðferðafræði sviðsmynda. Helstu áherslur sem fram hafa komið eru á sviði orkumála, umhverfis- og samfélagsmála, stuðning við sprotafyrirtæki og skapandi atvinnugreinar á öllu landinu. Ingvar Kristinsson er fullrú SI í ráðgjafanefnd NMÍ.

NSA hefur unnið að stofnun samlags-sjóðs með bönkum og lífeyrissjóðum sem hefði 4-5 milljarða til ráðstöfunar. Málið er langt komið en bíður úrskurðar samkeppnisyfirvalda varðandi aðkomu bankanna að sjóðnum.

Hjá Tækniþróunarsjóði hefur verið unnið að breytingum á matsferli umsókna með áherslu á nýnæmi, verðmætasköpun og líkur á árangur af verkefnum. SI hafa vakið athygli á misræmi í fjárlagagerð og stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um eflingu hátækniyfyrirtækja og stuðningsumhverfis sprotafyrirtækja sem m.a. birtist í litlum viðbótarframlögum til sjóðsins í fjárlagafrumvarpi 2008.

Fulltrúar tæknisamtaka innan SI hafa átt í viðræðum við iðnaðarráðherra um formlegt samstarf við stjórnvöld um uppbyggingu Hátækni- og sprota-vettvangs með það að markmiði að vinna að því að bæta starfsskilyrði og stuðningsumhverfi hátækni- og sprotafyrirtækja. Málið er í skoðun hjá iðnaðarráðherra og hefur verkið kynnt í Tækninefnd Vísinda- og tækniráðs.

Í úttekt OECD á nýsköpunarumhverfinu á Íslandi kemur fram að Ísland er í hópi ríkja sem minnst leggja í stuðning við nýsköpunar- og þróunarstarf fyrirtækja, þrátt fyrir að heildarútgjöld til R&P séu yfir 3% af þjóðarframleiðslu. Í úttekt SI á stuðningsumhverfi sprotafyrirtækja, kemur fram að stuðningur Tækniþróunarsjóðs og Nýsköpunarsjóðs vegur þýngst. Þá er lögð áhersla á að endurgreiðsla rannsókn- og þróunarkostnaðar í samræmi við aðferð Norðmanna gæti komið að góðu gagni.

Hjá Vísinda- og tækniráði fer nú fram nefndar- og stefnumótunarstarf í nokkrum málaflökkum m.a. um málefni sprota og hátækniyfyrirtækja. Niðurstaða þessa nefndarstarfs verður væntanlega lögð fyrir næsta ráðherrafund ráðsins í desember. Kristinn Andersen er fulltrúi SI í ráðinu."

Vilt þú
auka framleiðni
og bæta afkomu
fyrirtækisins?

Afangaskipt gæðavottun SI

Menntadagur iðnaðarins 2008

Námsefnisgerð í iðnaði

Menntadagur iðnaðarins verður 23. janúar 2008 og er yfirskrift hans Námsefnisgerð fyrir iðn- og starfsnám. Samtökin verja 10 m.kr. árlega til að styrkja námsefnisgerð.

Samtök iðnaðarins halda árlega Menntadag iðnaðarins og bjóða þá til ráðstefnu um mál sem varða menntun og uppbyggingu mannauðs í iðnaði.

Framsögumenn koma að þessu sinni frá innlendum og erlendum útgáfufyrirtækjum. Verknámskennarar eru sérstaklega velkomnir á ráðstefnuna. Til sýnis verða námsgögn í iðn- og starfsnámi, m. a. þau sem Samtök iðnaðarins hafa styrkt útgáfu á.

Undanfarinn áratug hefur uppbygging iðn- og starfsmenntunar verið öflug. Lagaumhverfið hefur orðið atvinnulífínu hagfelldara og búist er við því að ný lög um framhaldsskóla auðveldi enn frekar samstarf atvinnulífs og skóla. Unnar hafa verið metnaðarfullar námskrár í

fjölmörgum greinum og framhaldsskólarnir státa margir af góðum aðbúnaði til að kenna iðn- og verkgreinar.

Að einu leyti, a.m.k., á iðn- og starfsmenntun langt í land með að ná samþætilegri stöðu og í nágrennalöndum okkar. Úrval af námsefni í iðn- og starfsgreinum er misjafnt eftir greinum, sérstaklega fámennum greinum. Þetta stafar af litlum markaði. Hver kennslubók verður því óhjákvæmilega dýr.

Á ráðstefnunni verður m.a. fjallað um hvernig unnt er að tryggja metnaðarfulla námsefnisgerð í öllum iðn- og starfsgreinum, einnig þeim fámennu. Samtök iðnaðarins hafa hér lagt sitt lóð á vogarskálarnar með 10 m. kr. árlegum styrkjum til námsefnisgerðar. Tugir námsgagna hafa verið styrktir og verða mörg þeirra til sýnis á Menntadegi iðnaðarins.

Ingi Bogi Bogason



Spurt og svarað um REACH

Hvaða ábyrgð bera aðilar neðar í framleiðslukeðju?

Aðili neðar í framleiðslukeðju er sá sem notar efnin í atvinnustarfsemi, t.d. við framleiðslu á efnablöndum eða hlutum. Hann skal gefa nægilegar upplýsingar um notkunarsvið og efnaálag svo að framleiðandi eða innflytjandi geti gert öryggismat fyrir tiltekið notkunarsvið. Honum er heimilt að uppfæra sjálfur öryggisblöð og öryggisskýrslu fyrir notkunarsvið sitt og getur sótt um leyfi fyrir notkun efna. Notandi neðar í framleiðslukeðju skal tryggja að leyfi fyrir notkun efna nái yfir notkunarsvið hans. Einnig skal hann kynna sér áhættu við notkun efna og fylgja leiðbeiningum um örugga notkun og tryggja að öryggisblöð séu til staðar fyrir starfsmenn sem vinna með efnin. Sömu leiðis skal tryggja að öryggisblöð og upplýsingar um öryggismat fylgi fyrir öll innihaldsefni í efnavörum sem þeir afhenda viðskiptavinum sínum.

Hvert verður hlutverk dreifingaraðila?

Dreifingaraðili er einstaklingur eða lögáðili á EES svæðinu, þ.m.t. smásali, sem geymir og markaðssetur efni eða efnavöru. Hann skal gefa framleiðanda eða innflytjanda nægilegar upplýsingar frá eigin viðskiptavinum um notkunarsvið þeirra og efnaálag vegna öryggismats fyrir notkunarsvið sem máli skipta. Sömu leiðis skal hann sjá um að öryggisblöð séu tiltæk og uppfærð fyrir atvinnurekendur og aðila neðar í framleiðslukeðju.

Þarf að gera prófanir á öllum skráðum efnunum?

Nei. Miklar upplýsingar liggja fyrir um mörg efni og samkvæmt REACH er heimilt að nota fyrirbyggjandi upplýsingar við gerð skráningargagna. Krafa um frekari prófanir verður eingöngu gerð þegar ekki eru til nægilegar upplýsingar eða gæði fyrirbyggjandi gagna eru ekki ásættanleg. Gerð er krafa um að þeir sem skrá sama efni gefi upp hvaða upplýsingar þeir hafa um viðkomandi efni; þannig er reynt að koma í veg fyrir óþarfar dýrprófanir.

Bryndís Skúladóttir

Gamalli klukku sómi sýndur

Fyrir rúmum sextíu árum færði Úrsmiðafélag Íslands Sjómannaskólanum í Reykjavík forláta turnklukku að gjöf. Klukkunni var komið fyrir í turni skólans en eftir sex áratuga dygga þjónustu var talið tímabært að taka klukkuna niður og yfirfara hana. Þá kom í ljós að skífur og hjólaverk þeim tengd voru illa farin af sliti og tæringu svo að ákveðið var að kaupa nýja raf-eindadrifna klukku til að leysa þá gömlu af hólmi.

Stjórn Úrsmiðafélags Íslands fylgdist með gangi mála og fannst við hæfi að slíkum menningarverðmætum yrði forðað frá glötnun. Á aðalfundi félagsins árið 2007 var samþykkt að félagið kostaði viðgerð á klukkunni ásamt hönnun og smíði glerturns þar sem klukkan yrði varðveitt til frambúðar.

Hinn 23. nóvember síðastliðinn afhenti formaður Úrsmiðafélags Fjölniskólans hana nýuppperðu turnklukku til varðveislu og er hún staðsett í anddyri skólans. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir veitti klukkunni viðtöku fyrir hönd skólans að viðstöddum fjölda gesta.



Við þetta tækifæri var fleirum en klukkunni sómi sýndur því að stjórn Úrsmiðafélags Íslands gerði Jón Kornelíus Jónsson, úrsmiðameistara, að heiðursfélaga fyrir störf hans og liðveislu við félagið um áratuga skeið.

Þóra Kristín Jónsdóttir

GT Tækni lýkur fyrsta vottunaráfanga af fjórum

GT Tækni er í sístækkandi hópi fyrir-tækja í iðnaði sem hafa ráðist í fjög-urra þrepa vottunarferli og SI og hefur nú lokið fyrsta áfanga og fengið svo-nefnda D vottun. Fyrirtækið var stofnað árið 2002 og byggðist á 25 starfsmönnum úr tæknideild Íslenska járnblendifé-lagsins hf. á Grundartanga en þeir eru nú orðnir 65 talsins. Til að byrja með snerist starfsemin um að þjónusta Járn-blendifélagið en viðskiptavinum hefur fjölgað jafnt og þétt og verkefnið nú orðin fjölbreyttari. Þau lúta einkum að nýsmíði, uppsetningu á nýjum búnaði og endurnýjun búnaðar hvort sem er á véla-eða rafmagnssviði.

Bolli Árnason, framkvæmdastjóri GT Tækni, sem er til húsa á Grundartanga, segir að fyrirtækið hafi lengi horft til ISO staðalsins „en það stendur í manni til að byrja með. Það eru fleiri sem hafa staðið í svipuðum sporum og viljað taka upp gæðakerfi en ekki treyst sér til.“ Nú hefur fyrirtækið riðið á vaðið og lokið fyrsta áfanga af fjórum og stefnir að því að feta þá leið þar til lokamarkinu, ISO vottun, er náð.

Áfangaskipt vottun léttir róðurinn

Bolli segir að í málmíðnaðinum hafi lengi verið rætt hvernig mætti auka framleiðni í fyrirtækjunum. Á stefnumótunarfundi Málmis fyrir nokkrum árum var aukin framleiðni efst á baugi og niðurstaðan varð sú að ráðast í aðgerðir. „Þá kom fram hugmyndin að áfangaskiptu gæðakerfi í samvinnu við Samtök iðnaðarins til að létta mönnum róðurinn. Þar var einblínt á framleiðnina og hvernig mætti auka hana í málmíðnaði. Þar var samþykkt að stefna að vottun í fjórum áföngum og sú leið fellur vel að því sem þarf að gera til að auka framleiðnina,“ segir Bolli. Hann segir að þetta þrepaskipta kerfi hafi í raun skipt sköpum. „Leiðbeiningabæklingurinn er góður og byrjunin er mun auðveldari fyrir vikið. Menn byrja á að koma skipulagi á þau ferli sem fyrir eru í fyrirtækjunum og unnið er eftir. Þetta tekur allt sinn tíma en hann vinnst upp þegar fram í sækir. Þess vegna er gott að hafa gulrót í lok hvers áfanga. Gæðastjórnun er auðvitað ekkert annað en góð stjórnun sem er fjárfesting sem skilar arði til frambúðar.“

Margvíslegt gagn

Bolli segir gagnið af vottunarkerfinu

Bolli Árnason
framkvæmdastjóri
GT tækni



vera margvíslegt og það felst einkum í að koma skipulagi á ferli sem til eru í fyrirtækinu og sé tæki til að bæta það sem fyrir er. „Ef ferlin eru ekki vel skilgreind þarf að ýta undir að svo verði. Þetta felst ekki síst í að halda utan um hluti eins og frábrigði, aukaverk og breytingar sem tynast auðveldlega ef ekki er haldið utan um þau.“

Vottun skilyrði fyrir stórum þjónustusamningi

GT Tækni hefur gert 7 ára samning um margvíslega þjónustu við Járnblendifélagið og inni í þeim samningi er gert ráð fyrir að fyrirtækið verði komið með ISO 9001:2000 vottun innan hálfis annars árs. Stórir viðskiptavinir krefjast þess að þeir, sem þjóna þeim, séu með gott gæðakerfi og það var í raun skilyrði fyrir því að við fengum samninginn við Járnblendid og getur ráðið miklu um að við fáum önnur sambærileg verkefni. Við erum því búnir að skuldbinda okkur til að halda rakleiðis áfram á þessari braut og höfum staðið við tímasetningar fram að þessu. Næsta ferli á að ljúka eftir tæplega hálf tveggja ára og



síðan koll af kolli þar til við erum komnir með A vottun en því marki á að ná árið 2009.“

Gæðastýring eykur framleiðnina

„Áhrif gæðastýringar á stjórnendur og starfsmenn eru mjög góð. Það er engin spurning. Stjórnendur verða að fara í gegnum vottunarferlið sem þeir nota og það eykur yfirsýn yfir hvers kyns aðföng. Starfsmenn hafa aðgang að öllum eyðublöðum og ferlum sem nota þarf dags daglega gegnum netið. Í því felst mikil hagræðing og framleiðnin eykst. Bolli segir að vottunin sé nauðsynleg því að verkkaupar geri æ meiri kröfur og vottunin skapi fyrirtækjum sérstöðu og styrki þar með betri samkeppnisstöðu fyrirtækisins til muna.

Bolli segir lykiltríði að skilningur á vottun sé sá að fyrirtækið vinni eftir gæðaviðmiðum. „Samtök iðnaðarins verða að vinna vottun sess í atvinnulífinu, almennt séð því að hún á ekki bara við um málmfyrirtækin þar eð allir eigi að vinna eftir meginlínum vottunar, bæði verkkaupar og verktakar.“

Gagnlegt að geta sótt námskeið og fengið aðstoð

Bolli segir að það kæmi sér mjög vel að geta sótt námskeið eða átt aðgang að reglubundinni beinni aðstoð úti í fyrirtækjunum til að halda mönnum við efnið. „Það veitir fyrirtækjunum mjög góðan stuðning meðan á ferlinu stendur ekki síst meðan þau eru að komast á beinu brautina. Þetta snýst um að hífa „standardinn“ í fyrirtækjunum á sem hæst stig.“

Um þessar mundir er GT Tækni heldur betur að færa út kvíarnar því að það er að láta reisa 1500 fermetra hús yfir starfsemi sína á Grundartanga, milli Járnblendifélagsins og Norðuráls. Með því er stefnt að því að auka þjónustuna og halda áfram að vaxa enda eru næg verkefni framundan.

Þóra Kristín Jónsdóttir

SI

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
12. tbl. 13. árg. nóvember 2007
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 17.12.2007
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Odd Stefán, Jóhannes Long

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Jón Steindór Valdimarsson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritad efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildir á slíkum tilvikum.

MÁLMUR fagnaði 70 ára afmæli sínu

**Hinn 28. nóvember sl. voru sjö-
tíu ár frá því að Meistarafélag
járniðnaðarmanna var stofnað.
Síðan það sameinaðist Félagi
dráttarbrauta- og skipasmíðja
fyrir fimmtán árum heitir félagið
MÁLMUR – samtök fyrirtækja í
málm- og skipiðnaði.**

Í tilefni þessara tímamóta var fjölmenn
móttaka á vegum félagsins í Húsi atvinnu-
lífsins að Borgartúni í Reykjavík. Þar flutti
formaður Málms, Brynjar Haraldsson,
ávarp og tæpti á nokkrum atriðum í sögu
félagsins og gat sérstaklega um ágætt
samstarf við Samtök iðnaðarins en þau
annast daglegan rekstur Málms með
sérstökum þjónustusamningi. Saman
vinna félagið og SI að ýmsum framfara-
málum fyrir greinina og sér árangur þess
sér víða stað. Þá sæmði formaður fjóra
menn gullmerki félagsins fyrir mikil og
farsæl störf í þágu þess og faggreinarinn-
ar. Þeir eru: Bjarni Thoroddsen, Ingólfur
Sverrisson, Jón Sveinsson og Magnús
Aadnegard. Í hópi handhafa gullmerkisins
er einnig Steinar Steinsson, sem hlaut þá
viðurkenningu fyrir tuttugu árum.

Á afmælishátíðinni rifjuðu þeir Steinar
Steinsson og Jón Sveinsson, kenndur við
Stálvík, upp nokkra þætti úr baráttusögu
greinarinnar. Ennfremur flutti Jón Stein-
dór Valdimarsson kveðjur frá Samtökum
iðnaðarins og gaf félaginu forlata fundar-
bjöllu með ósk um farsæla framtíð.

Í hópi þeirra sem heimsóttu félagið á
þessum tímamótum voru sex fyrrum
formenn og urðu þar fagnaðarfundir.

Gefið hefur verið út myndarlegt áttatíu
síðna afmælisrit þar sem greint er frá
sögu málm- og véltækniðnaðar á Íslandi
ásamt helstu atriðum úr 70 ára sögu
félagsins. Ennfremur er sagt frá þeim
viðfangsefnum sem félagið vinnur að um
þessar mundir í góðu samstarfi við Sam-
tök iðnaðarins, IÐUNA – fræðslusetur og
aðra sem láta sig varða ýmislegt, sem
snertir hag og heill íslensks málm- og
véltækniðnaðar. Þau verkefni taka mið af
þeirri stefnu sem félagið mótaði árið
2004 og unnið hefur verið eftir síðan. Þar



7 af fyrrverandi formönnum Málms, núverandi formaður og forstöðumaður Málms

er í forgrunni að auka framleiðni, bæta
gæði framleiðslu og þjónustu og stuðla
að enn betri menntun og færni í grein-
inni. Í afmælisritinu segja forstöðumenn

14 málm- og véltækniyrirtækja enn-
fremur frá hinum fjölbreyttu verkum sem
þar eru unnin.

Ingólfur Sverrisson

Bókaprentun eykst talsvert milli ára Prentstaður íslenskra bóka

Bókasamband Íslands hefur gert könn-
un á prentstað íslenskra bóka á þessu
ári. Niðurstöðurnar birtast í Bókatiðindum
Félags íslenskra bókaútgefenda. Þar kem-
ur fram að heildarfjöldi bókaitla á ír er
780 en var 650 í fyrra.

Eftirfarandi listi sýnir fjölda bóka prent-
aðra í hverri heimsálfu og hlutfall af
heild.

	Fjöldi titla	%
Ísland	334	42,8
Norðurlönd	237	30,4
Asía	144	18,5
Evrópa	57	7,3
Erlendis óvitað	8	1,0
Samtals	780	100%

Þótt vissulega megi teljast nokkurt
áhyggjuefni að prentun titla erlendis
eykst, geta þær tölur þó verið mjög vill-
andi því að seinni prentun upplags fer
undantekningalítið fram hér heima en
sést ekki í þessum tölum. Þá er saman-
burður titla engan veginn raunhæft
viðmið á prentun og tölur úr Bókatiðin-
dum segja alls ekki alla söguna. Í upplýs-
ingum frá Prentsmiðjunni Odda, sem er
stærst í bókaprentun á Íslandi, kemur
fram að bókaprentun hefur aukist tals-
vert fyrir þessi jól. Um 70% innlendrar
jólábókaframleiðslu fara fram í Odda og
því gefur þessi aukning skýra vísbend-
ingu um gróskuna í íslenskri bókaútgáfu.
Titlum fjölgaði um 9% og eintökum um



13% á þriggja mánaða tímabili frá byrjun
september til loka nóvember, miðað við
sama tíma í fyrra. Á þessu tímabili eru
hvað flestar jólábækurnar prentaðar. Enn
á þó eftir að bætast við því að von er á
frumprentunum nýrra jólábóka fram í
miðjan desember. Alls hafa 127 aðilar
látið prenta bækur hjá Odda á þessu ári,
miðað við 118 í fyrra. Útgefendur eru
sem fyrr umfangsmestir í bókaútgáfunni
hjá Odda en smásalar, opinberar stofn-
anir, bankar, félagasamtök, einstaklingar
og stærri fyrirtæki láta prenta fyrir sig
bækur í vaxandi mæli allan ársins hring.

Haraldur Dean Nelson